

Umhverfisstofnun
vt. Raket Kristjánsdóttir, sérfræðingur /
Sigurður Ingason, sérfræðingur
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2019.

Efni: Umsókn um breytingu starfsleyfis fiskimjölsverksmiðju í Vestmannaeyjum.

Með bréfi þessu óskar umbj. minn, Ísfélag Vestmannaeyja hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, Vestmannaeyjum (hér eftir „Ísfélagið“ eða „félagið“) eftir því að breyting verði gerð á starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju félagsins sem starfrækt er að Strandvegi 28, Vestmannaeyjum.

1. Um aðdraganda málsins

Líkt og Umhverfisstofnun er kunnugt um hefur á undanförunum árum átt sér stað vinna innan Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda um breytingu á rekstrar-skilyrðum fiskimjölsverksmiðja, en um þá vinnu vísast til samskipta Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda og Umhverfisstofnunar, sbr. t.d. svar Umhverfisstofnunar frá 12. desember 2017 við erindi fyrirnefnds félags fiskimjölsframleiðenda.

Auk framangreinds vísast enn fremur til samskipta Ísfélagsins við Umhverfisstofnun og þá fyrirætlan félagsins að innleiða breytingar á rekstri sínum vegna brennslu olíu í fiskimjölsverksmiðju félagsins í Þórshöfn. Umtalsverð samskipti hafa átt sér stað varðandi þær fyrirætlanir, þ. á m. í tengslum við úrbótáætlanir félagsins, en um þau samskipti vísast m.a. til bréfa félagsins, dags. 22. október 2018 og 1. nóvember 2018, þar sem m.a. var óskað eftir því að gr. 2.9 í starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju félagsins á Þórshöfn yrði breytt. Hinn 22. júlí 2019 svaraði Umhverfisstofnun því til að leggja þyrfti fram sérstaka umsókn sem væri „óháð eftirfylgnimálinu“.

Rétt er að geta þess hér sérstaklega að nær öll samskipti Ísfélagsins hafa verið vegna starfsemi þess á Þórshöfn, en Ísfélagið telur að sömu sjónarmið eigi við um starfsemi fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins í Vestmannaeyjum að breyttu breytanda. Þótt samskipti Umhverfisstofnunar hafi nær eingöngu lotið að rekstri fiskimjölsverksmiðju félagsins í Þórshöfn, þá er vísað til þessara samskipta enda eiga þau efnislega enn fremur við starfsemi Ísfélagsins í Vestmannaeyjum.

2. Umsókn um breytingu á starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju

Með vísan til framangreinds er þess óskað að gr. 2.9 í starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins í Vestmannaeyjum verði breytt þannig að viðmið fyrir súrefni við brennslu í olíubrennara félagsins verði hækkuð. Umrædd viðmið eru nú svohljóðandi:

2.9. Loftmengun

Halda skal loftmengun í lágmarki með því að vinna ferskt hráefni og með búnaði sem eyðir mengandi efnum úr útblæstri. Uppfylli hráefnið ekki kröfur sem gerðar eru til TVN gildis í grein 2.2. skal rekstraraðili meta veðurfar, sérstaklega vindstyrk og stefnu og forðast vinnslu þegar vindátt er að byggð. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um slík tilvik eins fljótt og mögulegt er.

Losun frá olíubrennurum:

Fyrir losun í útblæstri frá olíubrennara gilda eftirfarandi mörk:

<i>Efnispáttur</i>	<i>Losunarmörk mg/Nm³*</i>	<i>Tímabil meðaltals</i>
<i>Ryk</i>	<i>100</i>	<i>1 sólarhringur</i>

** Gildir fyrir 3% súrefnisinnihald (O₂) af rúmmáli*

Sú breyting sem umsókn þessi varðar felur það í sér að breyta magni súrefnis við brennslu í olíubrennara fiskimjölsverksmiðju félagsins og þá þannig að mörk súrefnis breytist úr 3% súrefnis af rúmmáli og verði 9% súrefnis af rúmmáli. Eftir umrædda breytingu ætti gr. 2.9 að vera svohljóðandi (nýmæli eru rauðmerkt):

2.9. Loftmengun

Halda skal loftmengun í lágmarki með því að vinna ferskt hráefni og með búnaði sem eyðir mengandi efnum úr útblæstri. Uppfylli hráefnið ekki kröfur sem gerðar eru til TVN gildis í grein 2.2. skal rekstraraðili meta veðurfar, sérstaklega vindstyrk og stefnu og forðast vinnslu þegar vindátt er að byggð. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um slík tilvik eins fljótt og mögulegt er.

Losun frá olíubrennurum:

Fyrir losun í útblæstri og hraða frá olíubrennara gilda eftirfarandi mörk ef hlutfall notkunar olíubrennara er yfir 3% af keyrslutíma verksmiðjunnar:

Efnisþáttur	Losunarmörk mg/Nm ³ *	Tímabil meðaltals
Ryk	100	1 sólarhringur

* Gildir fyrir 9% súrefnisinnihald (O₂) af rúmmáli

Samkvæmt framansögðu er fyrirhuguð breyting tvíþætt. Annars vegar er óskað breytingar á losun ef hlutfall notkunar olíubrennara er yfir 3% af keyrslutíma verksmiðjunnar. Umrædd breyting felur í sér hækkun viðmiðunarmarkna en hún er nú þegar til staðar hjá öðrum fiskimjölsverksmiðjum. Hins vegar er óskað breytingar á súrefnisinnihaldi til hækkunar á losunarmörkum, en hvað þetta varðar er vísað til fyrirnefnds bréfs Umhverfisstofnunar til Ísfélagsins, dags. 21. júlí 2019 (tilv. UST 201810-211/S.I.08.10.01). Þótt það erind varði fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins á Þórshöfn, þá eiga sömu sjónarmið um fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins í Vestmannaeyjum að breyttu breytanda.

3. Rökstuðningur fyrir umsókn um breytingu á starfsleyfi

Öll rök hníga til þess að breyta starfsleyfi Ísfélagsins vegna fiskimjölsverksmiðju félagsins í Vestmannaeyjum. Frá setningu núgildandi starfsleyfis þann 27. ágúst 2014 hefur komið í ljós, bæði hjá Ísfélaginu og öðrum fiskimjölsframleiðendum, að nær ómögulegt er að halda útblæstri innan marka, einkum vegna stutts rekstrartíma olíubrennara.

Af framansögðu er ljóst að aðdraganda þessarar umsóknar megi rekja til samskipta sem átt hafa sér stað milli Umhverfisstofnunar og Félags íslenskra fiskimjölsframleiðanda um rykmörk í olíubrennurum í fiskimjölsverksmiðjum. Í minnisblaði sem gert var af verkfræðistofunni Mannvit fyrir Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda kom fram að þegar um er að ræða stuttan rekstrartíma er erfiðara að ná losunar-

mörkum í olíubrennurum. Í minnisblaðinu má einnig finna yfirlit um hvað hægt sé að gera til að draga úr rykmyndun.

Ísfélagið vill í þessu sambandi benda á að umtalsverður aðstöðumunur er milli fiskimjölsverksmiðju félagsins í Vestmannaeyjum og annarra fiskimjölsverksmiðja, en hann lýsir sér í því að skortur á uppbyggingu innviða í Vestmannaeyjum hefur gert það að verkum að félagið hefur ekki getað nýtt rafmagn í jafnmiklum mæli í starfsemi sinni samanborið við aðrar fiskimjölsverksmiðjur. Af þessum sökum er sérstök þörf á því fyrir félagið að fá rýmri losunarmörk en ella.

Að öðru leyti en að ofan greinir vísast til fyrri erinda félagsins til Umhverfisstofnunar, svo og til minnisblaðs Mannvits verkfræðistofu sem er nú þegar í vörslu stofnunarinnar. Þá er enn fremur vísað til jafnræðissjónarmiða, sbr. og 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, en Umhverfisstofnun hefur þegar fallist á umsókn Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum um rýmkun losunarmarka, sbr. uppfært starfsleyfi Vinnslustöðvarinnar frá 12. september 2019.

4. Niðurlag

Með vísan til framangreinds er þess óskað að fallist verði á umsókn Ísfélagsins um rýmkun losunarmarka í starfsleyfi fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum.

Ef einhverjar spurningar eða athugasemdir vakna við lestur þessa erindis er þess vinsamlegast óskað að haft verði samband við undirritaðan.

Virðingarfyllt,
f.h. Ísfélags Vestmannaeyja hf.



Finnur Magnússon, lögmaður (hrl.)